

Verkmenntaskólinn á Akureyri stýrði verkefninu

Workmentor – Mentoring in the workplace for VET

(VET merkir Vocational Education and Training) árin 2011 – 2013.

Sótt var um verkefnið til Skrifstofu Menntaáætlunar Evrópusambandsins á Íslandi undir Leonardo da Vinci starfsmenntaáætluninni. Styrkur fékkst og Jóhannes Árnason stýrði verkefninu fyrir hönd VMA. Fjölmargir starfsmenn VMA komu að einhverju leyti nálægt verkefninu en Ketill Sigurðarson og Kristín Petra Guðmundsdóttir tóku beinan þátt í verkefninu ásamt Jóhannesi.

Tilgangur verkefnisins var að velja efni og yfirfæra aðferðir sem kallast Mentoring – fóstrun á þær aðstæður sem ríkja þegar starfsmaður á vinnustað tekur að sér að styðja nýliða, t.d. nemanda sem kemur á vinnustaðinn í vinnustaðanám. Þar gildir einu hvort um er að ræða stutta kynningu á vinnustaðnum eða lengra nám sem er hluti af formlegri þjálfun til starfsréttinda t.d. í iðnnámi. Verkefnið þróar náms efni til að nota á námskeiði fyrir þessa starfsfóstra á vinnustaðnum. Búið er að halda slíkt prufunámskeið og það þótti koma vel út.

Síðar í febrúar 2014 munu Jóhannes og Ketill halda annað námskeið fyrir starfsfóstra, meðal annars fyrir starfsmenn sem munu styðja ungt atvinnulaust fólk á vegum Vinnumálastofnunar á Akureyri. Þetta tengist öðru Leonardo da Vinci verkefni sem VMST tekur þátt í og kallast Big – Bang.

Vefsíða verkefnisins er <http://workmentor.vma.is> og þar er að finna margvíslegar upplýsingar um verkefnið.

Hér verður rakin ferðasaga þegar Jóhannes Árnason fór á ráðstefnu í Brussel dagana 11. og 12. febrúar 2014 til að taka þátt í umræðu um þær niðurstöður sem hafa orðið af þeim fjölmörgu verkefnum sem Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunin hefur styrkt. Ætlunin er að draga saman reynsluna og nýta í næsta fasa starfsmenntaáætlunarinnar. Workmentor verkefnið var beðið um að vera með sérstaka kynningu í einni af málstofum ráðstefnunnar.

Þessi ferðasaga er fyrst og fremst skrifuð til að vera frásögn fyrir Jóhannes og samstarfsmenn en líka til að taka saman reynslu, upplifun og þau atriði sem hægt er að læra af um vinnu í svona verkefnum og við að þróa aðferðir í starfsnámi. Jóhannes hefur tekið saman svipaðar ferðasögur (sem flestum finnast vera alltof langar og ítarlegar) um ferðir á fundi í Workmentor verkefninu. Sjá vefsíðu verkefnisins.

Sunnudagur 9. febrúar 2014.

Ferðin hófst með bílferð á flugvöllinn á Akureyri. Veðrið var gott, rétt um frostmark og hreyfði varla vind, alskýjað á Akureyri. Flugði fór frá Akureyri kl. 15.15 eða um fimm mínútum á eftir áætlun en við lentum í Reykjavík kl. 15.50 eða samkvæmt áætlun. Veðrið í Reykjavík var gott, smá andvari, hiti um frostmark og sólskin. Enginn snjór í Reykjavík en pollar frosnir.

Gist á Sóleyjargötu 33 í kjallaraherbergi í orlofshúsi Klí. Gönguferð í miðbæinn og kvöldverður.

Mánudagur 10. febrúar 2014.

Vaknað eldsnemma á Sóleyjargötunni, koma sér út og á BSÍ. Flybus til Keflavíkur. Veðrið gott, rétt undir frostmarki, lítil gola og allt skraufpurrt.

Vegna þess að Ícelandair til Heathrow fer ekki fyrr en kl. 9.00 voru flestir farþegar á leið annað farnir að hliðunum þegar ég kom í flugstöðina. Það var óvenju fámennt í biðsalnum.

Flugið til Heathrow gekk vel. Lögðum af stað um kl. 9.10 eða um 10 mínútum á eftir áætlun og lentum kl. 11.55. Ég fór strax í rútu yfir í Terminal 5 (hafði haft farangurinn í handfarangri og þurfti ekki að ná í tösku. Svo tók við 45 mínútna ferli í öryggisskoðun í Terminal 5.

Flugið til Brussel var ekki fyrr en kl. 15.25 þannig að ég beið talsverðan tíma. Meðal annars var hægt að vinna í tölvupósti og fleiru. Hægt er að fá 45 mínútur fríar á internetinu bara með því að skrá nafnið sitt og netfang. Ég skoðaði dagskrána á ráðstefnunni og sá að þar var



Inni í Terminal 5 á Heathrow.

vísað í gamla útgáfu af glærunum mínum. Ég reyndi að senda nýja útgáfu af glærunum sem ég mun nota en ég vissi auðvitað ekki hvort nokkur myndi skipta um þær á dagskránni.

Flugið frá Terminal 5 á Heathrow tafðist vegna þess að það tók óratíma að koma öllum farangrinum fyrir. Það var greinilegt að mjög margir höfðu haft farangurinn sinn í flugfreyjutösku og vegna þess að flugvélin var gersamlega troðfull þá urðu stórvandræði að koma öllum "handtöskunum" fyrir. Ég var feginn að hafa sett mína tösku í farangur. Við áttum að fara af stað kl. 15.25 en fórum ekki fyrr en kl. 15.50 og lentum í Brussel 55 mínútum seinna eða kl. 17.45. Það munar sem sagt einum klukkutíma á Íslandi (Bretlandi vetrartíma) og Brussel vetrartíma. Ég hirti töskuna mína og fór í strætó 272 um kl. 18.30 og hélt svo ferðinni áfram í sporvagni 92 að stoppistöð sem kallast Stephanie. Þaðan voru ca 30 metrar að NH hótelinu.

Í Brussel voru ca 5°C og stillt veður.

Hótelið er gott, enginn íburður en ágætt. Þegar ég var að koma mér niður til að fá öl þá hitti ég nágretta á hótelinu. Karine frá Austurríki. Það fór svo að við fengum okkur bjór saman. Hún rekur ráðgjafa-fyrirtæki sem meðal annars þjálfar námsráðgjafa og stundar rannsóknir og slíkt á sviði menntunar. Hún mun halda framsögu um Guidance í einni málstofunni á ráðstefnunni.



Flugið frá Heathrow á leið til Brussel. Terminal 5 og svo sést að það er mikið vatn í nágrenninu.

Þriðjudagur 11. febrúar 2014.

Vaknaði um kl. 7.15 og í morgunmat. Vel útlátinn morgunverður og margvíslegt á boðstólum.

Ég gerði eins og margir af hótelinu, rölti að byggingu Management Center Europe, það tók um það bil 15 mínútur og lítil hætta á að villast á leiðinni. Það er greinilegt að Brusselbúar nota sporvagna mikið. Innritun á ráðstefnna, koma bæklingum um Workmentor verkefnið fyrir á ákveðnum borðum og átta sig á staðnum. Klukkan 10 byrjaði svo sameiginlegur fundur.

Ráðstefnan byrjaði á því að **Tamsin Rose bauð fólk velkomið**, 2 mínútur.

Ég sat við hliðina á Albano sem stýrir þeirri stofnun í Portúgal sem hefur með að gera yfirsýnum menntun í húsgagnaiðnaði. Þau stýrðu verkefninu POETE sem við Óskar tókum þátt í.

Stutt erindi:

António Silva Mendes forstöðumaður hjá framkvæmdastjórn ES, (DG EAC .vinnur hjá Stofnun um Menntamál og menningarmál í ES).. nefndi að um 5 milljónir ungs fólks í Evrópu eru atvinnulausar. Þetta er eitthvað sem þarf að bregðast við núna en ekki eftir einhver ár. Þá verður þessi hópur í slæmri stöðu. Starfsmenntun er mikilvæg í þessu sambandi. Líklega er hægt að hafa mikil áhrif í gegnum starfsmenntun. Það þarf að passa að það fólk sem kemur út úr skólum hafi þá hæfni sem fyrirtækin þurfa. Því miður er það ekki nægilega gott núna. Við verðum að bregðast fljótt við þannig að nemendur í skólum fái þjálfun á þeim sviðum sem vinnustaðir þurfa. Það þýðir ekki að allir eigi að fara í laglaunastörf heldur að menntun og þjálfun verði hagnýt og nytsamleg. Við sjáum ekki annað en að vinnustaðanám sé mjög mikilvægt hér. Það er leiðin sem við sjáum að hægt er að nota strax, þar eru tækifærin til að bregðast fljótt við.

Erasmus plus áætluninni er ætlað að tengja öll svið menntunar og þjálfunar. Þess vegna er ekki séráætlun fyrir starfsmenntun heldur er ætlunin að tengja sem flest svið saman. Erasmus plus er ekki til að þjóna markaðinum heldur er ætlunin að styrkja samfélagið, styrkja einstaklinga og stuðla að framförum.



Terminal 5B er greinilega mest nýttur af British Airways.

Ute Haller Block deildarstjóri hjá EACEA (Education, Culture and Audiovisual Executive Agency) Hvað er Executive Agency? Það fæst við að koma verkefnum í gang og að þau skili því sem ætlast er til. Þau vilja safna saman reynslunni og tengja og nota hana til að móta stefnu. Linking policy to practice.

Klaus Fahle, Stjórnandi hjá BIBB (Bundesinstitut für Berufsbildung) Hann vitnaði í ráðstefnu í Berlín í haust. Þar var niðurstaðan sú að atvinnuleysi ungs fólks og vinnustaðanám sem viðbrögð við því gætu ekki verið viðfangsefni lítilla landa eða smærri svæða. Þetta væri alþjóðlegt mál og það þyrfti að taka saman reynsluna úr verkefnum og nýta hana. Þessi ráðstefna í dag sagði hann að væri merkileg því hér eru þeir sem hafa unnið að verkefnum og þeir sem koma að menntamálum og því að skipuleggja starf samstarfsskrifstofa ES í hverju landi. Þetta verður gert aftur á næsta ári og þannig fást upplýsingar um það sem fólki finnst vera mikilvægt að gera til að koma umbótum í vinnustaðanámi og starfsnámi í framkvæmd.

Hann sagði að það væri mjög mikilvægt að umbætur í starfsnámi kæmu bæði úr fræðilegri undirstöðu og hagnýtum atriðum. Það væri líklegasta leiðin til að ná því að koma ungu fólki í atvinnu.



Frá Brussel.

Ein af götunum milli hótelsins og ráðstefnustaðarins.

Joachim James Calleja stjórnandi CEDEFOP.

Benti á tvö skjöl. Workbased learning in Europe og VET systems in Europe.

Mikilvægt að muna eftir að til eru skýrslur og stefnuskjöl um starfsmenntun og það er æskilegt að vinna með þau líka svo við náum framförum en spólum ekki. Hann sýndi stórmerkilegar glærur, sjá vef Workmentor.

Vinnustaðanám er regnhlíf um margskonar vinnustaðanám:

Námssamningar. Þjálfun á vinnustað og í skóla. Formlegur samningur um nám. Formlega viðurkennt kerfi til að meta hæfni og tengt ákveðnum störfum eða atvinnugreinum. Oft launuð störf sem nemar. Sérhæfð og almenn hæfni sem hægt er að yfirfæra. Samfélagsstofnanir taka þátt.

Námssamningar eru að öðlast sess á ný. Þeir eru viðbrögð við brottfalli, atvinnuleysi ungs fólks og hæfni sem passar ekki vinnustöðum.

CEDEFOP á að reyna að tryggja að þeir sem koma úr skóla / námi hafi hæfni sem nnýtist þeim.

Employability.

Hann gerði mikið úr því að fyrirtæki kalla eftir því að fá fólk með ákveðna hæfni, bæði að vera stundvís, geta haft samskipti en líka hagnýta hæfni við ákveðin störf.

Hann sýndi gögn um að þeir sem koma úr skóla með starfsnám fá frekar vinnu. Hvað finnst stjórnendum um vinnustaðanám og námssamninga? Í Þýskalandi eru stjórnendur mjög jákvæðir. 60% fyrirtækja í Þýskalandi taka nema.

Regulation will kill apprenticeships. Smá og meðalstór fyrirtæki eru mjög mikilvæg hér.

Af hverju vilja fyrirtæki taka nema: Að þjálfar komandi starfsmenn. Að leiðrétta mismuninn milli þess sem skólar kenna og fyrirtækin þurfa.

Nemendur hafa ranghugmyndir um námssamninga: Léleg störf, síðasti séns, lokast af / dead end, ódýrt vinnuafli.

Kostir vinnustaðanáms eru hinsvegar: Kynnast atvinnumarkaðinum, þýðingarmikil reynsla, almenn hæfni, tækifæri fyrir mismunandi aðferðir við nám (different learning styles). Að tilheyra samfélagi á vinnustað sem hefur hlutverk. Góð tenging milli skóla og starfa.

Það þarf að breyta viðhorfum til starfsnáms. Það þarf að beita mörgum ráðum.

Það er verið að gera ýmislegt. Það er nauðsynlegt að allir aðilar komi að þessum málum.

Hann endar á að benda á mikilvægi þess að tengja háskólanám við vinnustaði.

Við verðum að gera eitthvað strax. Og vísar þar í Silva Mendes.

www.cedefop.europa.eu

Við þurfum að sýna niðurstöður okkar allsstaðar og ekki síst á vinnustöðum. Ekki bara í skólanum eða menntamálaráðuneytinu heldur allsstaðar. Flestir fá ánægju úr því að gera eitthvað. Bækur og tölvur eru góðar en flestir fá mikla ánægju af því að gera eitthvað í höndum og nota til þess hugann og færni.

Ulrike Storost. Að meta og fylgjast með þeim kerfum sem til eru um vinnustaðanám og þjálfun. Þetta eru niðurstöður ráðstefnu frá 4. og 5. febrúar 2014.

Hún sýnir glæru um að enginn á að vera afskiptalaus. Youth Guarantee: Allir eiga kost á einhverskonar þjálfun. Þjálfunarsamning, Námsamning, Starf, eða áframhaldandi nám.

Hvað vitum við?:

Mikið atvinnuleysi ungs fólks.

Það þarf alla með (Social investment approach), skólar geta ekki einir leyst þetta.

Það þarf að meta og bæta þau kerfi sem eru notuð.

Hvað vantar uppá? Upplýsingar. Fjölbreytni.

Það þarf peninga til að fylgjast með árangri og það þarf að nota góðar aðferðir við matið.

Það þarf að hafa kynjasjónarmið með, í sumum tilfellum þarf að skoða sérstaklega að reyna að ná jafnstöðu kynja (fjölda, tækifæri).

Skoða notkun á peningum, hvað fæst fyrir peningana?

Eftir kaffihlé fóru þátttakendur í vinnustofur sem búið var að skipa fólki í.

Vinnustofa 6 um hlutverk kennara og starfsmanna á vinnustöðum.

Marc De Vlieger. Flemish National Agency.

Hann kynnti dagskrá vinnustofunnar. Við myndum bæði kynnst verkefnum á því sviði sem vinnustofan fjallar um og einnig yrðu umræður í hópum.

Kynning á verkefni

Fyrsta kynningin var frá Belgíu.

Annemie Lauryskens.

Learning on the job in the social sector.

Best practices - Toolbox. Fjallaði um fólk sem starfar við aðhlyningu aldraðra og fatlaðra.

Hún ræddi um það hvað það er mikilvægt að fólki sem tekur þátt í verkefnum hafi áhuga. Það er ekki nóg að þátttökustofnanir séu góðar, fólkið sem starfar við verkefnið þarf að hafa mikinn áhuga og vera opið fyrir nýjungum og því að kynnst öðrum aðferðum.



Vinnustofa. Fólk fylgist vel með framsögumanni.

Hvað eru góð vinnubrögð?:

Að taka eftir fjölbreytileika, að byggja á gögnum, að vera gagnsætt, að vera yfirfæranlegt, að vera mikilvægt (það sem er unnið að), að vera þverfaglegt.

Mikilvægt er að gera verkefnið skýrt fyrir alla og að t.d. sé hægt að gera greinarmun á góðum vinnubrögðum við aðhlyningu og frábærum vinnubrögðum.

Starfsfóstri:

leiðbeinandi um námið og þroska, sérfræðingur um starfið (með fulla hæfni í starfið), skipulagður, fagmaður, tekur þátt í hópi / liði, er líka hluti af þjóðfélaginu / tekur þátt í þjóðfélaginu.

Þjálfun fyrir starfsfóstra: Hvað er að vera starfsfóstri?, námsferlið, endurgjöf, hæfnipættir, hvernig er hægt að þjálfra nemana? Hvað hentar hverjum (nemendur eru mismunandi og læra á mismunandi hátt, rétt er að skoða þessa þætti með starfsfóstrunum.)

Mat og fyrirkomulag.

Hún fjallaði um það að meta hæfni starfsfóstranna með því að útbúa staðla um hæfni nemendanna.

Einnig um það að það væri mikilvægt að skoða hvernig námið er sett fram. Er verið að huga að því að þjálfra hæfni nemanna? Líka að það ríki gagnsætt samkomulag um námið milli allra aðila, nema, skóla og vinnustaðar.

Hún notar þrjá daga til að þjálfa starfsfóstrana.

Þátttakendur eru þakklátir fyrir þjálfunina. Ekki nákvæmlega sama námskeiðið fyrir öll löndin því það þurfti að skoða styrkleika og veikleika á hverjum stað og aðlaga námskeiðið aðstæðum.

www.joel-project.eu

Kynning á verkefni

Mats Löf. Korkkola Finland <http://www.iqwbl.eu/>

Project. Improving Quality in Work Based Learning.

Allir voru tengdir náminu, voru kennarar en ekki alþjóðafulltrúar eða í öðrum hlutverkum.

Upphafið var verkefni sem kallaðist Majakka = viti þ.e. að leiða nemendur og kennara í gegnum starfsnám.

Þar var unnið að því að taka saman gögn um nám og þjálfun. Að undirbúa nám í öðru landi.

Að para saman nemanda og fyrirtæki / vinnustaði í öðrum löndum. Að hafa allar upplýsingar um vinnustaði og möguleika á vinnustaðanámi. Uppúr þessu Majakka kom hugmynd að IQWBL verkefninu.



Hópurinn minn í umræðum í vinnustofunni.

Það verkefnið fjallaði um að yfirfæra og prófa Majakka efnið, á nýjum stöðum.

Almennar upplýsingar.

Leiðbeiningar fyrir nemendur. Finnar hafa áfanga fyrir nemendur sem eru að fara í vinnustaðanám.

Leiðbeiningar fyrir kennara. Kennarar

Leiðbeiningar fyrir fólk á vinnustöðum.

Allir þessir bæklingar voru í A4 broti og stuttir en helmingurinn var texti en afgangurinn form til að fylla í og meta.

World Cafe. Where are we now? What have we developed?

Unnið í hópum þannig að ein manneskja í hverjum hópi hafði það hlutverk að taka niður punkta og stýra umræðum. Þau höfðu undirbúið þetta áður. Þessi manneskja færði sig svo í næsta hóp og kynnti niðurrstöður úr næsta hópi á undan áður en hópurinn fór að bæta við atriðum. Þannig gekk þetta hringinn og allir hópar ræddu öll málefni en sérfræðingarnir fengu heildarmynd á tillögur allra.

Competences and skills sem kennarar, starfsfóstrar og aðrir sem koma að vinnustaðanámi þurfa að hafa.

Að geta tengt milli skóla og vinnustaða. Að kennarar geti komist á vinnustaði til að hafa betri innsýn í vinnustaði. Uppástunga um að í hverri deild í skóla væru ekki kennarar sem eru sérfræðingar í að fylgja nemendum á vinnustaði heldur að kennarar væru bæði í þeim hlutverkum að kenna í skólanum og að meta og fylgja nemendum á vinnustaði. Þetta gæti verið ein af leiðunum til að tenja vinnustaðina og skólann betur.

Væntingar nemenda og líka væntingar þeirra sem sjá um þjálfunina og matið.

Talað var um þá eiginleika og hæfni sem kennarar og starfsfóstrar þurfa eru bæði persónulegir (meðfæddir) og lærðir. Við erum með mismunandi tilfinningagreind en við getum öll lært eitthvað

Nemendur þurfa að vera opnir fyrir öðrum aðstæðum

Documents used by professionals.

Skjöl sem þarf til að geta gert þetta allt. Gerður var stór listi yfir alls kyns skjöl sem þarf að hafa og eru til í mismunandi löndum. Allskyns matslistar og fræðsla um mismunandi þætti í ferlinu við að hafa nema í skóla og í vinnustaðanámi.

Það kom í ljós að mest af þessum skjölum var um nemendur og námið að sjálfsgöðu en það var frekar lítið um starfsfóstrann. Nöurstaðan var að við þurfum allskyns skjöl og verið er að búa þau til út um allt en hugsanlega þarf að skoða frekar hvort þau eru þegar til og laga þau að aðstæðum.

Communication between professionals.

Hvaða aðferðir eru notaðar í samskiptum milli þeirra sem koma að náminu. Kennarar, starfsfóstrar, eftirlitsmenn sem fara í skólana og við nemendur. Einhver lét í ljósi áhyggjur af því að of margir væru að reyna að koma nemendum í vinnustaðanám á sama staðnum. Á sumum stöðum eru alltof margir að reyna að senda nemendur.

Til að vera í sem bestu samstarfi þarf að passa vel hvernig er unnið að hlutunum. Sums staðar eru skólar

með samtök vinnustaða í ákveðnum greinum og haldnir eru fundir. Hér dettur mér í hug það sem VMA hefur gert með fyrirtækjum í málmíðngreinum og bíliðngreinum.

Það kom fram að sumir skólar halda upplýsingafundi reglulega í ákveðnum greinum og styrkja þannig sambandið við vinnustaðina og þá um leið styrkja námið.

Á Norður Írlandi eru orðnar til vefsíður sem nemendur fara yfir og geta þannig fengið ábendingar um það á hvaða sviðið þeirra hæfileikar og áhugi liggur.

What if the people involved are in different countries. T.d. kennari að senda nemanda í vinnustaðanám í öðru landi.

ECF þarf að vera hluti af myndinni, hvað er sameiginlegt með kerfunum í báðum löndum og hvað er mismunandi?

Nemendur hafa og setja sér sín markmið og þeir ættu að geta náð þeim við mismunandi aðstæður.

Geta kennarar eða starfsfóstrar í öðru landi metið minn nemanda sem lærði í öðru kerfi?

Hafa starfsfóstrarnir hæfni til að taka við nemendum frá öðru landi?

Í Belgíu ræddi Annemie um að til væri smáþjálfun fyrir fólk sem tekur við nemendum frá öðrum löndum.

Kynning á verkefni.

Marja Orpana-Niitlahti frá Salpaus í Lahti í Finnlandi. www.workplace-tutor.eu

High level training for in company trainers.

Þróaði berufspedagoge úr þýsku inn í önnur lönd. Það var erfitt að yfirfæra þetta hugtak til annarra landa.

Þeir sem þjálfá byrjendur eða nemendur á vinnustað eru ekki titlaðir neitt sérstaklega. Þessi titill er varla til og þar af leiðandi hvorki til viðmið um hæfni eða hvernig nám eða þjálfun þurfi til þess að geta kallað sig þetta.

Þau tóku út úr þann hluta af þýska módelinu sem snýr að fólkinu. Hún dreifði blöðum um það sem má segja að séu matslistar um þá þætti sem slíkur þjálfari á vinnustað þarf að geta gert. Þetta virðist vera mjög öflugt tæki til að skoða hvað þjálfari á vinnustað þarf til að bera. Prufukeyslan tókst vel.

Jóhannes Árnason með kynningu á Workmentor verkefninu.

Það tókst líklega nokkuð vel. Það má örugglega segja að framsetningin á glærunum var ekki eins elegant hjá mér og hinum en textinn sást mun betur og það kom mun betur fram í textanum á glærunum það sem ég var að segja. Það var mun frekar hægt að lesa bara glæurnar sem ég var með en hjá hinum sem kynntu verkefni. Ég dreifði útprentuðum glærum ca 20 stk og einhverjir fengu þá útgáfu sem við notuðum í október á ráðstefnunni í MA. Líklega hafa svo farið út milli 50 og 100 bæklingar á ensku um verkefnið.

Það má segja að þessi tvö síðari verkefni sem voru kynnt hafi fallið ótrúlega vel saman. Finnsla verkefnið fjallaði um það sem þjálfari á vinnustað þarf að hafa í faglegum efnum og við í Workmentor vorum mun meira að fjalla um persónulegar hliðar þeirra sem munu styðja nemendur á vinnustað.

Ég hitti svo Klaus Fahle sem hafði ávarpað ráðstefnuna fyrri daginn og hann sagði að líklega yrði horft á afurðir beggja þessara síðari verkefna þegar unnið væri að því að útbúa verkfærakistu í vinnustaðanámi.

Marc sleit svo vinnustofunni og þakkaði fyrir góða vinnu.

Við færðum okkur í stutta stund í aðalsalinn þar sem Tamsin Rose gerði upp daginn og bauð fólki í "drinks and nibbles" kl. 17.30.

Svo var boðið uppá drykki og með þeim. Ég ræddi heilmikið við mann frá Ungverjalandi og konu frá London og svo kom Albano í hópinn.

Á hótelið í rigningarslitrum en annars var veðrið ágætt, lítil gola og hitinn ca 6 stig. Tölvupóstur og máltíð og í rúmið.

Miðvikudagur 12. febrúar 2014.

Morgunverður og slíkt og svo var ég samferða Karin frá Austurríki að fundarstaðnum. Hún rekur sjálf fyrirtæki eða rannsókn- og ráðgjafastofu sem meðal annars lifir greinilega á því að vinna í svona verkefnum. Líklega



Síðasta Workmentor glæran en hún sést bara ekki nógu vel. Kynningin á verkefninu gekk líklega vel.

er rétt að passa að tengjast ekki alltof mörgum svona ráðgjafastofum því þær vilja vinna verkefni sem ekki þarf að tengja nemendum of mikið því þessir aðilar hafa ekki aðgengi að nemendum. Samt er ekkert að því að þau séu með en þó er betra að þau séu færri í hópi samstarfsstofnana.

Ég sat aftur við hliðina á Albano frá Portugal. Öll dagskráin var sameiginlegur fundur allra í stóra salnum.

Tamsin Rose byrjaði á því að kynna dagskrá dagsins.
Byrjað var á að fá samantektir úr vinnustofunum.

Vinnustofa 1 Ráðgjöf og stuðningur við smá og meðalstór fyrirtæki.

Það þarf mismunandi aðstoð eftir aðstæðum. Það þarf að skoða þarfir fyrirtækjanna og það er vel líklegt að þau þurfi aðstoð t.d. með leiðsögn og fleira. Það er líklegt að fyrirtæki þurfi aðstoð við að byrja að taka við nemum í vinnustaðanám. Eftir einhvern tíma munu fyrirtækin þurfa minni aðstoð en í byrjun er það mikilvægt.

Varðandi endurmenntun og símenntun þarf að þjálfa starfsráðgjafa í hverju landi.

Það þarf mun meira samstarf milli skóla og fyrirtækja.

Fyrirtækin ættu að eiga aðkomu að skólunum og starfsmenn ættu að geta kynnst starfsemi, bæði

starfsfólk skólanna að kynnst fyrirtækjum en líka starfsmenn fyrirtækja að kynnst skólunum.



Jóhannes og Albano. Albano Rodrigues er stjórnandi hjá menntamiðstöð í húsagnaiðnaði í Porto í Portugal.

Sú stofnun stjórnaði POETE verkefninu sem Óskar Ingi og Jóhannes tóku þátt í fyrir hönd VMA árin 2008 - 2010.

Vinnustofa 2 Að gera vinnustaðanám og starfsnám meira aðlaðandi.

Það þarf meira gagnsæi um það að hægt er að færa sig í gegnum starfsnám í háskólanám.

Það þarf að bjóða meira af tækifærum fyrir nemendur að fara í vinnustaðanám á milli landa.

Þar var líka rætt um smærri og meðalstór fyrirtæki og að það ætti að aðstoða þau við að taka við nemendum í vinnustaðanám.

Vinnustofa 3. Samstarf skóla og fyrirtækja.

Þau lögðu áherslu á að það er mikilvægt að með því að vera á vinnustað kemst fólk að sumu leyti betur í tengsl við raunveruleikann en með því að vera bara í skólanum.

Það eru þó gallar á öllum kerfum og við þurfum að vita það og gera okkur grein fyrir því.

Regnhlífasamtök eins og samtök fyrirtækja í greinum eða á svæðum eru mikilvæg og ættu að taka þátt í umræðu og verkefnum.

Mikilvægt er að leiðbeina nemendum bæði með starfsval og nám en líka um það í hvernig fyrirtæki æþau fara til að fá vinnustaðareynslu.

Mikilvægt að skoða þau tæki og tól sem ES er að vinna í Europass og fl. Þar eru mjög margir möguleikar opnir og þessi fyrirbrigði einfalda málin t.d. Að meta reynslu milli landa.

Vinnustofa 4. Námskrárþróun.

Sá sem kynnti niðurstöðurnar sagði að þau hefðu fengið þau skilaboð að þetta væri mikilvægasta vinnustofan því námskrá er grunnur að því sem er gert.

Mæta þörfum vinnustaða og starfsgreinar ásamt þörfum nemenda. Það þarf að hafa nemendur með í ráðum, skoða hvernig þeim gengur og ræða við nemendur um upplifun þeirra af náminu.

Allir þurfa að vinna saman. Skólar, vinnustaðir, félagslegar stofnanir þurfa allir að eiga aðild að þróun námskrár og í að útfæra hana.

Námskrá þarf að vera ögrandi fyrir kennara og fólk á vinnustöðum. Námskráin þarf að vera þannig að allir læra. Þetta gæti orðið til þess að námskráin verði sveigjanleg (með öllum aðalatriðum og geti líka brugðist við breytingum á aðstæðum).

Við þurfum að fá kennara til að breyta og auka fjölbreytni í kennsluaðferðum.

Hvernig er hægt að fá fram samstarf skóla og vinnustaða í að útfæra námskrána. Getur t.d. VMA útbúið sína skólanámskrá án þess að hafa samband og hafa samvinnu við samfélagið og vinnustaði sem munu taka við nemendum eftir námið.

Vinnustofa 5 Vinnustaðanám í háskólanámi.

Hvað er vinnustaðanám? Er vinnustaðanám æskilegt í námi á háskólastigi? Niðurstaðan var að svo sé. Að hafa námskrá háskólanáms þannig að hún skilgreini hæfni sem hægt er að meta á milli landa og staða. Námskráin þarf að innihalda

Vinnustofa 6 Hlutverk kennarar og starfsfóstra.

Þarna var unnið að því að skoða þá eiginleika sem starfsfóstrar og kennarar þurfa að hafa.

Samskipti milli aðila voru mikið rædd og það þarf að skoða vel hvernig þau eru og hvaða skjöl eru notuð. Mörg skjöl eru til svo sem matslistar en samt erum við alltaf að búa til nýja. Hugsanlega þarf bara að skoða hvað er til að nýta sér þar. Það þarf ekki að finna upp hjólið aftur.

Um samstarf milli landa þarf að skoða vel að skjöl og slíkt væri gott. Hugsanlega má búa til lista yfir það sem þarf til að geta komið nemendum í vinnustaðanám.



Jóhannes Árnason utan við ráðstefnu-bygginguna. Það þarf að sýna sönnunargögn um að maður hafi verið á staðnum, að minnsta kosti hafi maður fundið bygginguna.

Isabelle Le Mouillour tók saman aðalatriðin úr því sem kom fram í vinnustofunum.

Hún benti á að að kerfin sem eru notuð í vinnustaðanámi eru mjög mismunandi milli landa. Mjög gróin og gömul kerfi og svo mjög ný kerfi. Það getur verið erfitt að staðla þetta.

Hún benti á að það þarf líklega að passa að gera vinnustaðanám ekki algerlega einkavætt og heldur ekki algerlega skrifinnnskulegt. Það þarf að vera á milli. Hvernig er hægt að gera hlutverk kennara og starfsfóstra skýrara?

Sum af svörunum við þessu eru líklega komin fram hér í gegnum verkefnin og umræður.

Hverskonar tími er það sem nemendur nota á vinnustöðum? Hvað eru nemendur að þroska? Persónulega hæfni, hæfni við störf, að fá víðara sjónarhorn. Þetta er vert að skoða.

Hvað með það að eiga meiri möguleika á að fá vinnu? Eykur starfsnám og vinnustaðanám möguleika fólks á að fá vinnu?

Það þarf að passa að völd til að taka þátt í ákvörðunum fari til þeirra sem við viljum að taki þátt. Foreldrar, nemendur, skólar vinnustaðir, samtök launamanna og fyrirtækja. Ef við viljum að allir taki þátt þá þurfa þessir aðilar að fá að taka þátt í að þróa og meta námið og fyrirkomulag.

Að lokum nefndi hún að sveigjanleiki væri mjög mikilvægur.

Pallborðsumræður nokkurra karla sem ræddu um málefnið sem ráðstefnan fjallar um. Það var satt að segja mög undarlegt að sjá þessa karla, allir frambærilegir á sinum sviðum en skipuleggjendur hefðu þurft að stilla þessu upp sem hópi af báðum kynjum.

Jeff Bridgford - European Trade Union Confederation (ETUC) Samtök stéttarfélaganna iðnaðarmanna.

Philippe Perfetti - European Association of Craft, Small and Medium-sized Enterprises (UEAPME) Samtök smárra og meðalstóra fyrirtækja.

Ólafur Kristjánsson - Framhaldsfræðslu- og starfsmenntadeild menntamálaráðuneytisins.

Peter Thiele - Federal Ministry of Education and Research De. Menntamálaráðuneyti Þýskalands.

Wilhelm Vukovich - European Commission DG EAC Stofnun um Menntamál og menningarmál í ES

Helmut Zelloth - European Training Foundation Stofnun sem fjallar um þjálfun á vinnustöðum.

Tamsin Rose beindi spurningum til þeirra og bað um pælingar þeirra um þessi mál.

Helmut. Sum lönd hafa mjög góð kerfi um vinnustaðanám og starfsnám en mörg lönd hafa það ekki. Jafnvel engin kerfi fyrir slíkt. Hann benti á að þegar rætt er um við þá þarf að hafa þennan margbreytileika í huga.

Wilhelm. ES er að skoða skilgreiningar á þessum gerðum af námi, vinnustaðanám og mismunandi tegundir. Námssamningar, þjálfunartímabil, og aðrar gerðir.

IVET, Skóli og vinnustaðanám og þarf að leiða til skírteinis.

Philippe. Fyrirtækin sem teljast smá og meðalstór eru mjög mikilvæg. Langflest fyrirtæki eru smá. Þar er mjög mikilvægt að hægt sé að gera óformlegt vinnustaðanám að formlegu námi sem fæst viðurkennt. (Hér

dettur mér í hug að sumarvinna á vinnustað geti orðið hluti af námsferli nemanda.) Það þarf að vera skýrt til hvers er ætlast af fyrirtækjum og það þarf að hjálpa til að gera vinnustaðanám aðlaðandi.

Ólafur Kristjánsson menntamálaráðuneytinu. Kerfin sem við notum virka og við eigum að vinna innan þeirra. Það er mjög skýrt héðan að við þurfum kerfi til að vinna í. Við sjáum að námssamningar og vinnustaðanám er að endurnýja lífdaga sína. Það tekur tíma og er snúið að breyta rótgrónum kerfum.

Peter. Bent var á að það tekur mjög langan tíma að taka upp kerfi sem virkar. Hann nefndi að það gætu verið 10 ár. Vegna þess að kerfin eru mismunandi tekur það mikinn tíma að kalla til þá aðila sem ættu að taka þátt. Í Þýskalandi er eðlilegt að fyrirtækin taki þátt í fundum um starfsnám en í öðrum löndum er það ekki. Námið þarf að hafa lagalegan ramma og það þarf að leiða til skírteina.

Það þarf að sýna fyrirtækjum fram á að þau hafi hagnað af því að leggja til vinnu í kerfið og í að mennta ungt fólk.

Það þarf ekki bara ráðstefnur um vinnustaðanám heldur þarf að vinna að stefnu sem er mjög skýr og vinna svo að verkefnum um það.

Jeff. Einnig koma fram að það er ekki hægt að skella öllum vandamálum ungsfólks á starfsnámskerfin. Það er mjög nauðsynlegt að koma því að hreint hvað menn kalla vinnustaðanám.

Starfsmenntakerfin verða aldrei eins sveigjanleg og fyrirtækin geta verið og þurfa að vera, þau geta verið mjög sveigjanleg. Hér er líklega verið að vísa í hina bindandi langtíma námssamninga sem gætu verið erfiðir fyrir ýmis fyrirtæki, hugsanlega frekar þau minni en það er einmitt mikill meirihluti fyrirtækja í Evrópu. Hugsanlega þarf að heimsækja fyrirtækin og ræða um hvað þetta hefur í för með sér.

Helmut: Um það sem Ísabella sagði í sinni samantekt. Ekki einkavæða og ekki skrifinnskuvæða starfsmenntakerfið. Hann var sammála því. Ef kerfið er bara búið til í ráðuneyti eða bara í fyrirtæki mun þetta ekki ganga sem almennt kerfi. Samt má ekki spila borðtennis milli ráðuneytis og fyrirtækja, það má ekki henda þessu í sífellu á milli og segja aftur og aftur það sama. Það þarf að ræða saman og finna lausnir. Það er mikilvægt að starfsnám fái hærri status og það þarf mun meiri starfsráðgjöf.

Punktur frá ýmsum. Náms og starfsráðgjafar þurfa að vera í góðum tengslum við umhverfið, viðtökuskóla og vinnustaðina. Það fólk sem leiðbeinir þarf að hafa innsýn í það sem fjallað er um. Fleiri lögðu áherslu á að það þyrfti mjög að skýra hvaða er hvað í vinnustaðanámi. Hugtakaskilgreiningar þarf að gera skýrari svo sem hvað er vinnustaðanám og hvaða gerðir þekkjum við af því.

Hvaða væntingar hafa menn af Network of Work Based Learning sem var einmitt stofnað á síðasta ári? Að til verði sterkari hugmynd um að við lærum best með því að gera hluti (learning by doing). Athugið að það þarf lengri tíma en til 2016. Það þarf að hafa ráðuneytin með í ráðum, þaðan koma oft þeir fjármunir sem til þarf.

Hvernig á að koma þessu af stað? Breytingar taka tíma, Er virkilega hægt að hafa bara eina stefnu. Þarf hugsanlega að skoða þá þætti sem geta verið eins og sundurgreina þá sem ekki eru og geta varla verið eins vegna annarra hluta í þjóðfélögum og í þróun starfsmenntakerfanna?

Það koma margir aðilar að þessu og þeir þurfa að vera með. Til dæmis var bent á að í stjórnun Erasmus plus áætlunarinnar koma samtök atvinnurekenda og launamanna ekki neitt við sögu.

Stutt erindi

Alison Grabb sem er aðstoðardeildarstjóri hjá ES fjallaði stuttlega um það sem ES er að gera í starfsmenntamálum. Að styrkja nemendur að fara milli landa í vinnustaðanám, að styrkja starfsfólk skóla og annarra menntatengdra aðila að fara milli landa til að læra, skoða vinnubrögð og funda með öðrum í sömu stöðu. Hægt verður að sækja um mjög fjölbreytta styrki í Erasmus plus áætluninni.



Á leið frá ráðstefnunni fór ég framhjá markaði sem hafði risið sama dag.

Tamsin Rose lauk ráðstefnunni um kl. 12.20 og þá var komið að standandi hádegisverði.

Þar spjallaði ég meðal annars við Karin frá Austurríki og tvo herra menn frá Hollandi. Annar þeirra kemur frá S-Hertogenbosch.

Ég fór út úr ráðstefnuhúsinu uppúr kl. 13.00 og labbaði þangað sem ég gat tekið Sporvagn 92 og svo strætó nr 272 á flugvöllinn. Það var athyglisvert að fara um borgina í björtu. Þegar ég kom á mánudaginn var orðið dimmt. Strætóinn fór meðal annars framhjá vel afgirtu svæði NATO með tvöfaldri vörslu við hliðin.

Vissulega tók það miklu lengri tíma að fara með strætó en t.d. að taka strætó en ég hafði nægan tíma og þegar á flugvöllinn kom var engin röð og það tók örfáar mínútur að bóka sig inn og komast í gegnum öryggisskoðun og slíkt.


Ég settist við tölvuna og svaraði tölvupósti á flugvöllinum í Brussel.

Flugið frá London til Brussel tafðist, líklega ferlegt veður í Englandi, og við fórum alls ekki af stað kl. 16.40 eins og áætluðin sagði. Að lokum fór það svo að flugið fór ekki af stað fyrr en kl. 18.30 að staðartíma. Flugði tók rúmlega klukkutíma og við þurftum að fara tvo hringi yfir London vegna mikillar umferðar og erfiðra veðurskilyrða sem töfðu allt flug. Lentum um kl. 18.45 að staðartíma í London og þá var að ná strætó innan Heathrow til að komast í Terminal 1 sem Íslendair notar. Ég varð lítið var við veðrið, hugsanlega 7 – 10°C og ekki rigning.

Ég beið þar svo heillengi því flugið til Íslands sem átti að fara kl. 20.35 fór ekki af stað fyrr en um 22.30. Það flug gekk eðlilega eftir að loksins var farið af stað. Við lentum í Keflavík uppúr kl. 01 og ég var kominn á Sóleyjargötuna rétt fyrir 03 um nóttina.

Fimmtudagur 13, febrúar 2014.

Eftir stuttan svefn var flug kl. 8.30 frá Reykjavík til Akureyrar og ég var kominn í VMA um kl. 9.30.



Frá Brussel, nýttiskulegar byggingar skammt frá miðborginni.

Niðurstaða.

Svona ferð er auðvitað talsverð fyrirhöfn og dálítill tími sem fer í þetta en ég kem til baka með mun ljósari sýn á það sem menn ræða um sem starfsnám og vinnustaðanám. Sérstaklega nefni ég þá hugmynd að VMA eigi að hafa forystu um það á svæðinu og fá marga aðila með sér, að ræða og gera tillögur um að prófa fleiri gerðir af verknámi. Ekki byrja á því að leysa einhver mál heldur gefa sér svolítinn tíma til að skoða málin og hvað það er sem um er verið að tala. Þar held ég að væri rétt að kortleggja betur hvernig námssamningar standa, í hvaða greinum og hverjir mega taka nema. Einnig að gerðar verði tillögur um að fjölga möguleikum t.d. með því að VMA taki að sér að finna nemapláss t.d. með því að skipta upp á milli staða námsdvöl nema jafnvel í iðngreinum í þeim greinum sem fyrirtækin eiga erfiðast að taka við nemum. Til viðbótar ætti að stefna að mun fjölbreyttara vinnustaðanámi í mörgum greinum og á mörgum námsbrautum. Að hægt sé að vera í vinnustaðanámi sem hluta af Íþróttabraut, listnámsbraut, á félagsfræðibraut til stúdentsprófs eða slíku.

Að sjálfsögðu er í gangi fjölbreytilegt vinnustaðanám og ekki nein ástæða til að breyta því heldur skoða og velta fyrir sér aðferðum.

Aðalatriðið er að það þarf ákveðin vinnubrögð við að skipuleggja þetta, það þarf að vita um öll atriðin áður en farið er af stað að senda nemendur á vinnustaði. VMA ætti að reyna að komast í samstarf milli landa og á Akureyri um að kortleggja hvað þarf til, hvaða verklagsreglur, eyðublöð, samninga og annað þarf til að við höfum almennt vinnulag sem ekki er bundið ákveðinni námsbraut, vinnustöðum eða einstökum kennurum og persónulegum tengslum þeirra. Þau eru að sjálfsögðu góð og oft forsenda þess að vel takist til og traust ríki milli aðila en það má ekki verða til þess að ef einhver hættir eða verður veikur þá falli starfsemin niður vegna þekkingarskorts.

Ég mun gera tillögu til samstarfsaðilanna í Workmentor verkefninu um að við skoðum að útbúa umsókn um Erasmus plus verkefni sem miði að því að búa til almennt skipulag um hvernig er staðið að vinnustaðanámi. Í því verkefni þyrfti að hafa með sem viðbótaraðila eða fullgilda aðila stofnanir t.d. Akureyrarbæ og ef til vill fyrirtæki eða samtök þeirra.

Vonandi hefur einhver þrjúskast við og lesið þetta. Það að skrifa þetta er aðalatriðið í því að ég muni hvað fór fram og hvað ég var að hugsa.

JÁR